

# Mjólkursamsalan ehf

---

Ársreikningur

---

**2007**

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Til stjórnar og hluthafa Mjólkursamsölnunnar ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Mjólkursamsölnunnar ehf fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikingskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikingskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikingskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breyting á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 7. mars 2008

**Deloitte hf.**

Benóní Torfi Eggertsson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

---

Árið 2007 var fyrsta starfsár félagsins en það hóf starfsemi 1. janúar 2007. Ársreikningur Mjólkursamsölnunnar ehf fyrir árið 2007 er í samræmi við lög um ársreikninga.

Mjólkursamsalan ehf er framleiðslufyrirtæki, sem tekur við mjólk frá bændum til framleiðslu á ostum, skyri og fleiri mjólkurvörum.

Tap Mjólkursamsölnunnar ehf. á árinu 2007 nam kr. 457.573.908. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 4.549.972.640, bókfært eigið fé í árslok er kr. 1.042.426.092 og er eiginfjárlutfall félagsins 22,91%.

Í árslok voru hluthafar í félaginu 2 eins og í upphafi árs. Auðhumla svf á 85% og Kaupfélag Skagfirðinga svf 15%

Að álitum stjórnar og forstjóri Mjólkursamsölnunnar ehf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og forstjóri Mjólkursamsölnunnar ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. mars 2008

## Í stjórn

Magnús H. Sigurðsson  
stjórnarformaður

Egill Sigurðsson

Jóhannes Jónsson

Guðmundur Þorsteinsson

Þórólfur Gíslason

## Forstjóri

Magnús Ólafsson

# Rekstrarreikningur ársins 2007

	Skýr.	2007	2006
Rekstrartekjur .....		12.446.929.632	0
Aðrar tekjur .....		462.565.213	0
Hráefniskostnaður .....		(8.253.269.570)	0
Laun og tengd gjöld .....	3	(2.532.376.625)	0
Annar rekstrarkostnaður .....		(2.076.328.514)	0
Afskriftir .....	8	(368.399.770)	0
<b>Rekstrartap</b>		<b>(320.879.634)</b>	<b>0</b>
Fjármunatekjur .....	4	24.719.177	0
Fjármagnsgjöld .....	5	(261.856.504)	0
Tap fyrir skatta .....		(558.016.961)	0
Tekjuskattur .....	6	100.443.053	0
<b>Tap ársins</b>		<b>(457.573.908)</b>	<b>0</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2007

## Eignir

	Skýr.	31.12.2007	31.12.2006
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	1.702.996.721	0
Reiknuð skattinneigin .....	14	100.443.053	0
		<u>1.803.439.774</u>	<u>0</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....	9	1.555.267.166	0
Viðskiptakröfur .....	10	979.043.486	0
Aðrar skammtímakröfur .....	10	167.813.126	9.173.089
Handbært fé .....	10	44.409.088	0
		<u>2.746.532.866</u>	<u>9.173.089</u>
<b>Eignir</b>		<u>4.549.972.640</u>	<u>9.173.089</u>

## Eigið fé og skuldir

<b>Eigið fé</b>	11		
Hlutfé .....		1.500.000.000	500.000
Ójafnað tap .....		(457.573.908)	0
<b>Eigið fé</b>		<u>1.042.426.092</u>	<u>500.000</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldir við móðurfélag .....	12	1.724.874.408	0
Aðrar langtímaskuldir .....	12	69.502.000	0
Fjármögnunarleigusamningar .....	13	34.627.517	0
		<u>1.829.003.925</u>	<u>0</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	15	374.116.538	0
Skuldir við lánastofnanir .....		494.568.398	0
Skuldir við móðurfélag .....		494.782.190	8.673.089
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	15	15.591.928	0
Aðrar skammtímaskuldir .....	15	299.483.569	0
		<u>1.678.542.623</u>	<u>8.673.089</u>
<b>Skuldir</b>		<u>3.507.546.548</u>	<u>8.673.089</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>4.549.972.640</u>	<u>9.173.089</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi 2007

	Skýr.	2007	2006
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrartap .....		(320.879.634)	0
Afskriftir .....		368.399.770	0
Söluhagnaður fastafjármuna .....		(7.555.739)	0
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>39.964.397</b>	<b>0</b>
Vörubirgðir (hækkun) lækkun .....		(211.848.377)	0
Rekstrartengdar kröfur (hækkun) lækkun .....		(1.137.683.523)	0
Rekstrartengdar skuldir hækkun (lækkun) .....		986.618.805	0
<b>Handbært fé til rekstrar án vaxta og skatta</b>		<b>(322.948.698)</b>	<b>0</b>
Innborgaðir vextir og arður .....		24.719.177	0
Greiddir vextir .....		(68.387.682)	0
<b>Handbært fé til rekstrar</b>		<b>(366.617.203)</b>	<b>0</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	(406.806.902)	0
		(406.806.902)	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir fjármögnunarleigusamninga .....		(13.881.350)	0
Innborgað hlutafé .....		236.329.679	0
Nýjar langtímaskuldir .....		100.816.466	0
Hækkun (lækkun) á skuldum við lánastofnanir .....		494.568.398	0
		817.833.193	0
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....		44.409.088	0
Handbært fé í upphafi árs .....		0	0
Handbært fé í lok tímabils .....		44.409.088	0
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
Veltufé til rekstrar .....		(96.569.235)	0